

17. janúar 2019

Hjúkrunarráð sendir heilbrigðisráðuneyti áskorun um úrbætur á starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarráð Landspítala skorar á heilbrigðisyfirvöld að bæta starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga.

Hjúkrunarfræðingar eru stærsta fagstétt heilbrigðiskerfisins og gegna þar lykilhlutverki.

Skortur á hjúkrunarfræðingum er alvarlegur og hefur neikvæð áhrif víða, meðal annars standa um 40 sjúkrarými auð á Landspítala vegna manneklu í hjúkrun.

Á sama tíma bíður fjöldi fólks á bráðamóttöku eftir innlögn á Landspítala og hjúkrunarráð ítrekar að við núverandi ástand er hvorki mögulegt að tryggja öryggi sjúklinga né starfsfólks.

Hjúkrunarfræðingar sem starfa á Landspítala hafa verið undir stöðugu álagi í langan tíma. Mikil umræða er í samfélaginu um streitu og álag og neikvæð heilsufarsleg áhrif þess, s.s. kulnun og ljóst er að hjúkrunarfræðingar á Landspítala eru verulega útsettir fyrir alvarlegri streitu í starfi. Hjúkrunarfræðingar gera kröfu um að starfa í öruggu og heilsueflandi starfsumhverfi þar sem mögulegt er að tryggja sjúklingum örugga, faglega og framúrskarandi þjónustu.

Hjúkrunarfræðingar gegna veigamiklu hlutverki í gæða- og umbótastarfi á Landspítala. Sérstaklega er tekið fram í úttekt embættis landlæknis að þrátt fyrir mikið álag fari enn fram öflugt gæðastarf. Það gefur mjög góða vísbendingu um þann gríðarlega mannauð sem fólgin er í hjúkrunarfræðingum á Landspítala.

Hjúkrunarráð Landspítala skorar á heilbrigðisráðuneyti að bregðast strax við þeim fjölmörgu ábendingum sem hafa verið sendar, t.d. frá embætti landlæknis, Félagi íslenska hjúkrunarfræðinga, framkvæmdastjórn Landspítala og hjúkrunarráði Landspítala, og nýta þær til þess að bæta starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga. Jákvætt starfsumhverfi er einn af þeim lykilþáttum sem gera starfsfólki kleift að upplifa starfsánægju.

Án hjúkrunar er ekkert heilbrigðiskerfi.

Fyrir hönd hjúkrunarráðs Landspítala

Marta Jónsd.

Marta Jónsdóttir
Formaður